

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur

Reykjavík 10. nóvember 2017
UST201709-139/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024 – breyting- brú yfir Fossvog

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Kópavogsbæjar er barst 19. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2012-2024. Breytingartillagan felur í sér að á göngu- og hjólabrú yfir Fossvog verði einnig heimilaður akstur almenningsvagna til samræmis við skipulagsákvæði um sömu brú í aðalskipulagi Reykjavíkur.

Náttúruminjar

Eins og fram kemur í upphafi greinargerðar eru tvö friðlýst svæði við Fossvog og eru bæði staðsett fyrir innan þann stað sem brúin er áætluð á.

Fossvogsbakkar voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1999. Á svæðinu er að finna fágætar jarðminjar í jarðsögu Reykjavíkur og landsins alls, Fossvogslögin, og felst verndargildi svæðisins í verndun þeirra. Sérstakar reglur gilda um um varðveislu og umgengni og umferð á hinu friðlýsta svæði, sjá heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Skerjafjörður innan bæjarmarka Kópavogs var friðlýst sem búsvæði árið 2012. Markmiðið með friðlýsingu Skerjafjarðar er að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og á grunnsævi, einkum og sér í lagi með tilliti til fugla. Jafnframt er það markmið að vernda útivistar- og fræðslugildi svæðisins sem felst í líffræðilegri fjölbreytni og samrýmist verndun búsvæða fugla.

Mikilvægt er að við útfærslu brúar og hönnun uppfyllinga verði ætíð tekið tillit til hinna friðlýstu svæða fyrir innan brú og lífríkis Skerjafjarðar.

Aðdragandi breytingar

Umhverfisstofnun tekur undir áherslu á vistvænar samgöngur og almenningssamgöngur er fram kemur í umfjöllun um aðdraganda ofangreindrar breytingartillögu.

Umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun tekur undir nauðsyn þess að tryggð verði full vatnsskipti til að vernda

lífríki við ströndina. Eins og fram kemur í umfjöllun um náttúrufar skiptir máli hvert umfang landfyllinga við brúarsporða verður.

Samfélag

Að mati Umhverfisstofnunar ætti ekki alveg að vísa mögulegum áhrifum brúar á siglingar til deiliskipulagsstigs, heldur mætti setja markmið um mannvirkið í aðalskipulagi þótt endanleg útfærsla komi meir fram á deiliskipulagsstigi.


Auðlindir


Í umfjöllun um brúna sem mannvirki í borgarumhverfi er horft til þess að velja megi um að útfærsla verði lítt áberandi eða mikið áberandi í borgarlandslaginu þ.e. kennileiti. Að mati Umhverfisstofnunar er um sérstæðan vog að ræða þar sem friðlýst svæði liggja beggja vegna vogar og af tillitssemi við þau væri við hæfi að hafa látleysi og lítt áberandi mannvirki að leiðarljósi.

Niðurstaða umhverfismats

Umhverfisstofnun tekur undir það að brú fyrir gangandi og hjólandi ásamt almenningssamgöngum mun hafa jákvæð áhrif á andrúmsloft, hagræna þætti og samfélag, þar sem hún mun stuðla að vistvænum samgöngum og stytta ferðir og þ.m.t. losun. Áhrif á náttúrufar eru óviss, en þó mætti setja skilyrði um brúargerðina s.s. að um full vatnsskipti verði að ræða, til að minnka óvissuna. Varðandi áhrif á landslag og ásýnd telur stofnunin hættu á að áhrifin verði neikvæð, nema að leitast verði við að fella framkvæmdina að umhverfinu og að markmið um látlausa framkvæmd verði höfð að leiðarljósi. Að mati Umhverfisstofnunar gætu skilyrði í aðalskipulagi um útfærslu upp að vissu marki minnkað hættu á neikvæðum áhrifum. Að mati stofnunarinnar eru mestu áhrifin á umhverfið að fara í sjálfa framkvæmdina, stækkun vegna almenningssamgangna koma svo til viðbótar.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur